



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 30. júlí 2018

Haldinn að Suðurgötu 12, Ísafirði. Fundur settur kl. 17:05. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, Harpa Guðmundsdóttir, gjaldkeri og Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Leikmannamál

Farið yfir stöðuna. Þjálfarar meistaraflokks eru að kanna ýmsa möguleika og skoða erlendan leikmann sem gæti styrkt liðið á komandi tímabili. Rætt um húsnæðismál undir þessum lið einnig. Stefnt að undirritun samninga við leikmenn sem verða í æfingahópi meistaraflokks sem fyrst, mögulega í tengslum við undirritun samninga vegna afreksbrautar MÍ. Þriggja ára samningur við Nebojsa Knezevic borin undir stjórn og samþykkt að ganga til samninga við hann. Ingólfi falið að ljúka því máli á morgun, 31. júlí.

2. Fjármál

Harpa fór yfir stöðuna. Eins og oft vill verða er nokkuð hart í ári yfir sumarmánuðina. Nokkrar skuldir hafa safnast upp á vormánuðum við KKÍ og vegna bílaleigubíla. Hörpu falið að fara sérstaklega yfir bílaleigumálin sem að hluta til eru tilkomin vegna Körfuboltaþúðanna í júní. Samþykkt að fara í gerð fjárhagsáætlunar fyrir komandi starfsár sem fyrst. Gróflega eru útgjöld vegna þátttöku í mótum áætluð svipuð og síðasta tímabil þótt ætla megi að ferðakostnaður verði nokkuð hærri

3. Skipan í stjórn

Sveinn Rúnar Júlíusson stjórnarmaður hefur sagt sig úr stjórn vegna búferlaflutninga. Brotthvarf hans úr stjórn þýðir að einn af þremur varamönnum þarf að taka sæti í aðalstjórn. Samþykkt að fresta skipun varamanns í aðalstjórn til næsta fundar þegar varamenn komast á fund.

4. Fjáraflanir – Aldrei fór ég suður og 17. Júní

Óinnheimt fyrir þessar fjáraflanir. Hörpu falið að útbúa reikning á Aldrei fór ég suður samkvæmt tímaskráningu og gjaldskrá fyrri ára. Ingólfur hefur þegar sent skýrslu vegna 17. júní, Hörpu falið að hafa samband við Sigríði Láru Gunnlaugsdóttur, framkvæmdastjóra HSV vegna innheimtu 17. júní og áramótahreinsunar í Holtahverfi

5. Önnur mál

- Rætt um drengjaflokk og skipulag hans og möguleika á því að ferðalög samnýtist ferðum meistaraflokks. Drengjaflokkur verður á forræði Barna- og unglingaráðs.
- Rætt um lökkun á gófli íþróttahússins á Torfnesi
- Skilti við íþróttahúsið á Torfnesi. Ingi Björn greindi frá stöðu mála. Til stóð að endurmerkja auglýsingu Vífilfells á vordögum en málið tafðist. Í lok júlí var svo skyndilega komin önnur auglýsing á skiltið. Við eftirgrenslan kom í ljós að sú merking hafði verið gerð í misgripum á vegum Knattspyrnudeildar. Málið komið í farveg og vonandi verður nýtt merki Vífilfells komið upp í þessum mánuði.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18:35.